



Haustáburðargjöf á nýgróðursettum plöntum

Bergsveinn Þórsson, Brynjar Skúlason, Rakel J. Jónsdóttir og Valgerður Jónsdóttir
Norðurlandsskógum

Áburðargjöf og haustgróðursetning

Frá upphafi Norðurlandsskóga árið 2000 hefur tíðkast að bera tilbúinn áburð á nýgróðursettum plöntum með það að markmiði að auka lifun og koma plöntunum strax í vöxt. Á árunum 2000 til 2010 var þriðjungur gróðursettra plantna hjá Norðurlandsskógum gróðursettur á haustin eða samtals 3,4 milljónir plantna á tímabilinu.

Viðfangsefnið


Þegar borið er á haustgróðursettum plöntum vorið eftir gróðursetningu getur verið erfitt að finna sumar plönturnar og hætta á að hluti þeirra fái ekki áburð. Þeir sem velja að gróðursetja á haustin vilja gjarnan ljúka við að bera á áburð samhliða gróðursetningunni. Því vaknaði sú spurning hvort áburðargjöf að hausti á nýgróðursettum plöntum gæfi jafn góða raun eins og að gefa áburðinn vorið eftir.

Trjátegundir og staðsetning


Lerki, birki og stafafura voru gróðursett um haust á tvo staði á Norðurlandi:

- Í lyngmóa á Stóru Hámundarstöðum við Eyjafjörð.
- Í mjög þurran þursaskeggsmóa á Stapa í Skagafirði.

Gróðursetning og áburðargjöf að hausti fór fram um miðjan september 2007 og tilraunin var mæld að hausti 2010. Áburðargjöf að vori fór fram í byrjun júní 2008. Mjóar rásir voru tættar í landið á Stóru Hámundarstöðum fyrir gróðursetningu en engin jarðvinnsla var gerð í Stapa.





Stafafura og birki í þursaskeggsmóa í Stapa



Lerki og stafafura í lyngmóa á Stóru Hámundarstöðum

Áburðarmeðferðir

- Viðmið (enginn áburður hvorki vor né haust).
- Gróska ofaná, vor (dreift 15 cm radíus kringum plöntu).
- Silva Pac ofaná, haust (poki lagður við hlið plöntu).
- Gróska ofaná, haust (dreift 15 cm radíus kringum plöntu).
- Silva Pac í holu, haust (poki í holu um 5 cm frá plöntu).
- Gróska í holu, haust (í holu um 5 cm frá plöntu).



Ályktanir

- Stafafuran er ekki að spjara sig í rýrum og áveðra þursaskeggsmóa eins og á Stapa og áburðargjöf hafði þar engin marktæk áhrif til að bæta lifun.
- Áburðargjöf virðist ekki auka lifun á haustgróðursettu birki og stafafuru. Gróska að vori eða hausti og Silva Pac ofaná að hausti gaf marktækt betri lifun í lerki en viðmiðið.
- Allar áburðarmeðferðir bæta vöxt hjá birki og stafafuru að einhverju marki og þá sérstaklega Silva Pac en sú tegund áburðargjafar hafði engin marktæk áhrif á vöxt lerkisins.